

GeoSilica

Lokaverkefni varð að sprotafyrirtæki

Fida Abu Libdeh og Burkni Pálsson stofnuðu ásamt Ögnum ehf. fyrirtækið geoSilica Iceland ehf. í framhaldi af námi í orku- og umhverfistæknifræði hjá Keili.

Texti: María Ólafsdóttir Mynd: Geir Ólafsson

Okkur fannst athyglisvert hversu miklu af kísli er veitt aftur út í sjó án þess að nokkuð sé gert við hann og sáum fljótt að við vildum geta þróað verkefnið okkar lengra áfram," segir Fida en upphaflega viðskiptahugmyndin var sú að skapa verðmæti úr affallsvatni jarðvarmavirkjana og leggja sérstaka áherslu á nýtingu jarðhitakísilsins sem finnst í jarðhitavökvum. Síðar kom í ljós að langhæsta kílóverð fyrir kísil fæst ef hann er notaður sem fæðubótarefni eða í heilsuvörur. Því var ákveðið að hefja vöruþróun á fæðubótarefni í formi kísilsvifvökva frekar en að framleiða kísil til iðnaðarnota, en Fida segir slíkan markað vera ört stækkandi.

„Við vöruframleiðslu fyrirtækisins eru notuð steinefni í jarðhitavökva og vökvinn sjálfur til að búa til vörur til inntöku en ekki til notkunar útvortis, sem er nýjung í slíkri framleiðslu. Einnig höfum við bætt við nýrri vöru sem verður kísilríkt og steinefnaríkt drykkjarvatn unnið úr affallsvatni Hellisheiðarvirkjunar með því að hreinsa arsen úr því og blanda það með ferskvatni," segir Fida.

Stuðningur nýsköpunarsamfélags


Síðastliðið haust hlutu þau Fida og Burkni verkefnisstyrk frá Tækniþróunarsjóði sem mun tryggja fyrirtækinu fjármagn næstu þrjú árin og segir Fida miklu muna að hljóta slíkan styrk til að stíga fyrstu skrefin. Fyrirtækið er til húsa í frumkvöðlasetrinu Eldey, sem er hluti nýsköpunarsamfélagsins í Ásbrú, og segir Fida þau Burkna einnig hafa notið mikil stuðnings þaðan.

„Í Eldey er ýmis þjónusta í boði fyrir frumkvöðla. Þar fengum við t.d. aðstoð við að sækja um aðra styrki og sóttum fyrirlestur um það að stofna fyrirtæki. Slíkur stuðningur er nauðsynlegur í frumkvöðlastarfi," segir Fida og bætir við að í slíkum starfi verði fólk að taka áhættu til að byrja með, trú á hugmyndina og að eitthvað verði úr henni. Hún mælir með að fólk geri eitthvað úr góðum hugmyndum því þannig megi í raun byggja upp betri framtíð fyrir Ísland en skyldi hún telja sprotaumhverfið hagkvæmt á Íslandi í dag?

„Já, ég tel að umhverfið í dag sé frekar hagstætt fyrir frum-



Fida Abu Libdeh stofnaði geoSilica ásamt Burkna Pálssyni og Ögnum ehf.

kvöðla enda töluvert af nýsköpunarstyrkjum í boði og má þar sérstaklega nefna Tækniþróunarsjóð, auk bankanna og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Sumt mætti þó bæta töluvert, t.a.m. mætti ríkisstjórnin íhuga að afnema tryggingargjaldið fyrir sprotafyrirtæki sem eru að mestu rekin með styrkjum," segir Fida. 

„Síðastliðið haust hlutu þau Fida og Burkni verkefnisstyrk frá Tækniþróunarsjóði sem mun tryggja fyrirtækinu fjármagn næstu þrjú árin.“

Stofnár: 2012.

Stofnendur: da Abu Libdeh og Burkni Pálsson ásamt Ögnum ehf.

Viðskiptahugmyndin: Að nýta kísilríkt affallsvatn jarðvarmavirkjana til að framleiða hágæða kísilheilsuvörur úr 100% náttúrulegum íslenskum jarðhitakísli án aukafna.

Markmið fyrirtækisins: Að verða arðbært fyrirtæki með algjöra sérstöðu á markaðnum með kísiltengdar heilsuvörur.